



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEILLAÓSKIR Á SUÐURPÓLINN

Forseti Íslands hefur sent Vilborgu Örnú Gissurardóttur eftirfarandi heillaóskir:

„Við Dorrit óskum þér til hamingju með einstakt afrek, árangur einbeitni, kjarks og þjálfunar. Íslendingar samgleðjast þér innilega; erum stolt og glöð.

Þú ert ungu fólki frábær fyrirmynd og ferð þín vekur okkur öll vonandi til aukinnar vitundar um mikilvægi heimskautanna fyrir loftslag jarðar og framtíðarheill mannkyns.“

18. janúar 2013

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).